

## Öldungaráð

Ár 2021, mánudaginn 1. febrúar var haldinn 51. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.33. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Berglind Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Baldur Magnússon, Jóhann Birgisson, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Rannveig Ernudóttir. Fundinn sat einnig Anna Kristinsdóttir og Berglind Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi, með fjarfundarbúnaði.

Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 22. janúar 2021, þar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 19. janúar s.l., að Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir taki sæti sem aðalfulltrúi í öldungaráði í stað Jórunnar Pálu Jónasdóttur. R18060083
2. Lagt fram bréf stjórnar Samtaka aldraðra dags. 26. janúar 2021, þar sem fram kemur að Jóhann Birgisson taki sæti sem aðalfulltrúi í stað Álfhildar Hallgrímsdóttur. Jafnframt að Magnús Björn Brynjólfsson taki sæti sem varamaður í stað Sveinbjörns Björnssonar. R18070150
3. Fram fer kynning á heilsueflingu aldraðra hjá Reykjavíkurborg. R21010286  
Þórhildur Guðrún Egilsdóttir og Unnur Margrét Arnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
4. Fram fer kynning á úttekt á fjölbreytni og næringargildi á heimsendum mat á vegum velferðarsviðs. R21010285
- Kl. 10.36 vikur Rannveig Ernudóttir og Alexandra Briem tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.  
Guðrún Adolfsdóttir, Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, Eyjólfur Einar Elíasson og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
5. Lögð fram umsögn öldungaráðs vegna umsókna í framkvæmdasjóð aldraðra. R20020206  
Samþykkt.
6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 26. janúar 2021, um drög að alþjóðastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, til umsagnar. R21010287
7. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni:  
Lagt er til að óska eftir því við Reykjavíkurborg að komið sé á skipulagðri og heildstæðari heilsueflingu fyrir eldri íbúa borgarinnar.  
Greinargerð fylgir tillögunni. R21010286  
Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Öldungaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð Reykjavík fagnar og styður tillögu Félags eldri borgara þar sem lagt er til að Reykjavíkurborg komi að skipulagðri og heildstæðri heilsueflingu fyrir eldri borgara. Með heilsueflingu telur öldungaráð Reykjavíkur mikilvægt að hugað sé að jafnt að andlegri, félagslegri sem og líkamlegri heilsu og mikilvægi þess að halda áfram námskeiðum eins og tæknilæsi fyrir fullorðna sem öldungaráð telur mikilvæga forvörn gegn einangrun og einmanaleika aldraðra.

**Fundi slitið kl. 11.32**

Berglind Eyjólfsdóttir

Baldur Magnússon  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir  
Ingibjörg Óskarsdóttir

Jóhann Birgisson  
Ingibjörg Sverrisdóttir  
Alexandra Briem